

Breytt bindiefni í klæðingar – tilraunakaflar, úttektir í ágúst 2016 og maí 2017 – Júní 2017.
Gunnar Bjarnason, Vegagerðinni, Pétur Pétursson, PP ráðgjöf.

Sumarið 2016 voru lagðir tilraunakaflar með ýmsum gerðum klæðinga, þar sem notað er breytt bindiefni. Tilraunakaflarnir voru með mismunandi gerðum af emulgatorum í bikþeytunni, bikþeytur voru með og án latex og SBS íblöndunarefna og einnig voru tvær gerðir af þjálbiki/þunnbiki. Í skýrslunni er gerð grein fyrir úttekt á þessum tilraunaköflum, en einnig öðrum völdum bikþeytuköflum á Vestur- og Norðurlandi sem og eldri bikþeytuköflum á sama svæði. Þetta er fimmti áfangi verkefnisins um breytt bindiefni í klæðingar og í inngangi skýrslunnar er gerð grein fyrir helstu atriðum áfanganna á undan.

Í samantekt um úttekt tilraunakaflanna, sem lagðir voru 2016, kemur m.a. fram að kaflarnir voru ekki allir gallalausir eftir útlögn. Meðal skýringa á því er nefnt að uppskriftir bikþeytu heppnuðust ekki sem skildi og mikill vindur og kuldi við útlögn setti strik í reikninginn í nokkrum tilvikum. Kaflarnir komu misvel undan vetri. Við greiningu á orsök skemmda eftir veturinn kemur í ljós að mikið vetrarviðhald (snjóplógar) er oftast nefnt sem orsakavaldur, veldur steinlosi aðallega í hryggjum. Fram kemur að erfitt er að draga ályktanir um hvernig mismunandi bikgerðir standa sig á þessum tilraunaköflum, enda eru breytur margar.

Ekki eru heldur dregnar neinar afgerandi ályktanir um niðurstöður úttekta eldri kafla. Þó kemur fram að orsök skemmda er gjarnan rakin til vetrarviðhalds. Þá kemur einnig fram að ef útlögn bikþeytuklæðingar tekst vel og hún stenst áraun fyrsta vetrar á hún möguleika á góðri endingu.